

Nd. **139. Frumvarp til laga** [75. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslensk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 500 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 3000.00 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenskum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Hlutaráðnir menn skulu njóta frádráttar samkv. 1. og 2. málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

Ef sjómenn á íslenskum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattýfirvalda.

2. gr.

Virðing á fasteign til eignarskatts skv. 22. gr. A-lið laganna skal miðuð við gildandi fasteignamat nifaldað. Virðing á bújörðum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum skal þó fara eftir fasteignamati margfölduðu með 4.5.

3. gr.

Í stað orðanna „100 þús. kr. skattgjaldseign“ í I-lið 26. gr. laganna komi: 200 þús. kr. skattgjaldseign.

4. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum eru hreppstjórar umboðsmenn skattstjóra, en í bæjarfélögum skipar fjármálaráðherra umboðsmanninn til 6 ára í senn. Nú forfallast hreppstjóri eða skorast undan þessum starfa, og er þá oddvita hreppsins skylt að gegna starfanum. Nú hefur umboðsmaður þegar verið skipaður í stað hreppstjóra, og skal sú skipan haldast, meðan hann kys að sinna starfanum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1967.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 43 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. Enn fremur falla úr gildi 2. og 3. málslíður b-liðs 3. mgr. 4. gr. laga nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og 2. gr. laga nr. 97 22. des. 1965, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum njóta allir sjómenn á íslenskum skipum frádráttar vegna hlífðarfatakostnaðar 500 kr. á mánuði.

Þá njóta sjómenn á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, sérstaks frádráttar, 3000.00 kr. á mánuði, enda hafi þeir verið skipverjar á nefndum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Lagt er til, að frádráttarheimild þessi verði látin ná til allra sjómanna á íslenskum skipum. Verður eigi séð, að slíkur aðstöðumunur sé með sjómönnum á fiskiskipum og öðrum sjómönnum, að ástæða sé til mismunar að þessu leyti. Sjómenn eru allir jafnsettir að því leyti, að þeir verða að dvelja langtínum fjarri fjölskyldum sínum og heimilum og því talið vera um sanngirnismál að ræða.

Að öðru leyti er ekki um að ræða efnisbreytingu á greininni.

Um 2. gr.

Greinin er sama efnis og 25. gr. frumvarps til laga um efnahagsaðgerðir, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi sem þingskjal nr. 7 með þeirri breytingu, að níföldun fasteignamats kemur í stað tólföldunar og margföldun með 4.5 í sveitum kemur í stað sexföldunar.

Í frumvarpinu um efnahagsaðgerðir miðuðust ákvæði 25. og 26. gr. við tekju-
auka hjá ríkissjóði sem nam um 60 mkr. Við gengisbreytingu íslensku krónunnar
hafa flestar forsendur áðurgreinds frumvarps breytt, þótt ekki sé talið rétt að
falla frá nokkurri hækkun á mati fasteigna til skatts. Á hinn bóginn er ljóst, að
gengisbreytingin veldur útgjaldahækkunum hjá sveitarfélögum og þykir því rétt
að ákveða, að hækkun sú á virðingu fasteigna til eignarskatts, sem grein þessi
gerir ráð fyrir, gildi einnig við álagningu eignauðtsvara. Verður sérstakt frumvarp
um það efni lagt fyrir Alþingi.

Um 3. gr.

Heildartekjuaukning ríkissjóðs vegna þessara breytinga er áætluð um 30 m. kr.
Greinin er sama efnis og 26. gr. áður nefnds frumvarps um efnahagsaðgerðir og
gerir ráð fyrir tvöföldun skattfrjálsrar eignar.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða þá efnisbreytingu, að oddvitar verði skyldaðir til að sinna
starfa umboðsmanns skattstjóra, ef hreppstjóri forfallast eða skorast undan þess-
um starfa. Eðlilegt má teljast, að oddvitar verði skyldaðir til að taka að sér þennan
starfa, ef hreppstjóri forfallast eða skorast undan honum, enda eiga sveitarfélögin
ákveðinna hagsmuna að gæta um að þessi starfi sé vel af hendi leystur. Þó er ráð-
gert að áfram standi skipan þeirra umboðsmanna, sem þegar hafa verið skipaðir
í stað þeirra hreppstjóra, sem forfallast hafa eða skorast undan þessum starfa,
ef þeir kjósa að sinna honum áfram.